

Gott kvöld góðir áheyrendur. Ég heiti Björgvin Rúnar Leifsson og þetta er þáttur um Pink Floyd.

Í bók sinni, "Inside Out", getur Mason þess að hann hafi átt erfitt með að skrifa um hina sorglegu atburði þegar Wright var eiginlega neyddur til að yfirgefa Pink Floyd og hljómsveitin breyttist úr mjög lýðræðislegu bandi í grúpu með aðeins einum leiðtoga. Hann getur þess jafnframt að þarna hafi byrjað að reyna á vináttu hans og Waters fyrir alvöru en fram að þessum tíma höfðu þeir verið góðir vinir.

Hljóðblöndun plötunnar "The Wall" fór fram í Los Angeles. Ezrin fékk Sinfóníuhljómsveit New York borgar með stjórnandann Michael Kamen til að sjá um strengjaleik og annan klassískan undirleik á ýmsum stöðum, þ.á.m. "The Trial", sem Ezrin er meðhöfundur að ásamt Waters. Innlegg Kamen leiddi til mikils ágreinings milli Gilmour og Waters um hversu mikið skyldi nota af því í "Comfortably Numb", sem þeir sömdu saman upp úr demói Gilmour frá árinu áður. Skv. heimildum rifust þeir heiftarlega í veitingahúsi í Hollywood en komust loks að samkomulagi, sem Ezrin hefur líklega átt þátt í að náðist. Gilmour sagði í viðtali í bók Mark Blake, "Comfortably Numb — The Inside Story of Pink Floyd" 2008, að lagið sé það síðasta, sem þeir Waters gátu samið saman.

Á sama tíma vann Nick nokkur Griffith baki brotnu að hljóðeffektum í Britannia Row hljóðverinu en Waters og Ezrin hringdu í hann á hvaða tíma sólarhringsins sem var með nýjar og nýjar kröfur. Waters sá reyndar um hluta af effektunum sjálfur og Mason minnst þess í bók sinni að hafa lagt símann á þegar hann hélt að verið væri að gera í sér símaat. Þá var alsaklaus símastúlka í Los Angeles notuð til að búa til gervisímtal milli Pink og kærustunnar.

Platan kom svo út 30. nóvember 1979 eða viku á eftir hinni vinsælu smáskífu með "Another Brick in the Wall, part 2". Hún þaut upp vinsældalista um allan heim á stuttum tíma og seldist í gríðarlegum upplögum. Margir telja hana besta verk Pink Floyd fyrr og síðar en ég er ekki sammála því mati þó að hún sé vissulega ein af bestu plötum hljómsveitarinnar. Af einstökum lögum finnst mér "Comfortably Numb" langbest, ekki síst vegna gítars Gilmour en skv. vefsíðunni

"digitaldreamdoor.com" er það besta rokkgítarsóló allra tíma og er þetta reyndar upphaldslag mitt með Pink Floyd. Ástæða þess að ég set "The Wall" ekki í fyrsta sæti er fyrst og fremst sú að hún er hrárrí en bæði "Dark Side of the Moon" og "Wish You Were Here". Þó má vel greina hið þunga Pink Floyd sánd gegnum alla plötuna og er það að mínu mati hið raunverulega framlag Wright til verksins og kannski ástæðan fyrir því að Waters, sem vildi alltaf hafa tónlistina hrárrí en Gilmour og Wright, var aldrei ánægður með hljómborðsleikinn.

Í febrúar 1980 tók við langt og strangt tónleikaferðalag, sem stóð til júní 1981. Þessir tónleikar voru um margt mjög sérstæðir og sumir áttu í vandræðum með að átta sig á skilaboðum hljómsveitarinnar til áhorfenda. Rétt er að hafa í huga að brotthvarfi Wright sem fullgildum meðlim Pink Floyd var vandlega haldið leyndu og spilaði hann á tónleikunum sem launaður sessionmaður en allir héldu að sjálfsgöðu að hann væri enn í bandinu.

Tónleikarnir hófust með því að 4 menn með grímur fyrir andlitunum komu upp úr gólfinu á sviðinu og spiluðu fyrsta lagið, sem heitir "In the Flesh" og er spurningarmerki fyrir aftan nafnið. Þarna var hið fræga "surrogate" eða varaband en þetta voru Pete Woods á hljómborð, Willie Wilson á trommur, Andy Bown á bassa og Snowy White á gítar. Það tók áhorfendur yfirleitt nokkurn tíma að átta sig en grímurnar voru að sjálfsgöðu með andlitum meðlima Pink Floyd.

Eftir því sem leið á tónleikana reis veggurinn milli áhorfenda og hljómsveitarinnar hærra og hærra þar til aðeins eitt gat var eftir fyrir Waters að syngja í gegnum "Goodbye Cruel World" en svo lokast gatið. Þar sem töluvert var eftir að byggja af veggnum að loknu laginu "Another Brick in the Wall, part 3" spiluðu þeir eins konar yfirlit yfir fyrri hluta verksins í nokkrar mínútur á meðan rótarar luku við bygginguna. Þetta yfirlit var nafnlaust til að byrja með en er kallað "The Last Few Bricks" á tónleikadiskinum, sem kom út árið 2000 og það var einmitt það, sem þið heyrðuð í upphafi þáttarins.

Á tónleikunum var teiknuðum fígúrum eftir Gerald Scarfe varpað á vegginn en þessar fígúrir voru notaðar í teiknimyndahlutum kvikmyndar Alan Parker um "The Wall", sem kom út 1982. Í lok tónleikanna, á eftir "The Trial" en á undan "Outside the Wall" hrynur svo veggurinn, en

tónleikunum lauk með lokatónum "Outside the Wall" og voru engin uppklappslög leikin.

Í maí 1981, skömmu áður en tónleikunum lauk kom út sólóplatan "Nick Mason's Fictitious Spots", sem var samstarfsverkefni Masons og Cörlu Bley, sem er skrifuð fyrir öllu efninu. Platan var tekin upp í október 1979 eða mánuði áður en "The Wall" kom út en útgáfan tafðist í tæp tvö ár. Í nóvember 1981 eftir að tónleikunum lauk kom svo út safnplatan "A Collection of Great Dance Songs", sem þótti hálfgerð öfugmæli þar sem Pink Floyd lög þykja ekki beint danslög. Ekkert nýtt var á þessari plötu en nokkur lög voru endurhljóðblönduð og Gilmour hljóðritaði sjálfur alveg nýja útgáfu af "Money".

Kvikmyndin, "Pink Floyd - The Wall", var samstarfsverkefni Waters, Alan Parkers, leikstjóra myndarinnar, og teiknarans Gerald Scarfe, en skv. Mason náði samstarf Pink Floyd við hinn síðasttalda aftur til ársins 1975. Þar sem allir þrír voru víst talsverðir egóistar gekk kvikmyndagerðin ekki alveg þrautalaust fyrir sig þó að hin endanlega útkoma væri magnað listaverk og hafa margir haft á orði að með ólíkindum sé hve vel myndin fylgir tónlistinni. Það er skemmtilega saga að segja frá því að pönkarinn Bob Geldof úr írsku hljómsveitinni Boomtown Rats, var í leigubíl á leið út á flugvöll þegar umboðsmaður hans nefndi við hann að honum væri boðið að leika Pink í myndinni og svaraði því til að hann hataði Pink Floyd. Svo vildi til að leigubílstjórinn var bróðir Waters og lét hann að sjálfsögðu vita af uppákomunni. Bob þáði hlutverkið á endanum og skilaði því býsna vel þrátt fyrir að hafa nánast engan texta til að fara með í myndinni. Mér er alltaf minnisstæðast atvikið þegar Pink rakar af sér öll líkamshár og birtist augabrúnalaus eftir raksturinn en þetta er bein tilvísun í útlit Barretts þegar hann birtist öllum að óvörum í stúdíóinu við tókurnar á "Wish You Were Here" árið 1975.

Ég sagði í upphafi síðasta þáttar að hugmyndin að meginþema "The Wall" hafi kviknað hjá Waters eftir hinn örlagaríka hráka á "Animals" tónleikunum 1977. Það er alveg rétt að meginþemað er hyldýpið, sem honum þótti vera á milli hljómsveitarinnar og áhorfenda og komst það einkar vel til skila á tónleikunum. Veggurinn er líka rokkópera um Pink, sem missir föður sinn ómálga barn og er alinn upp af ofverndandi móður. Hann sætir einelti í skóla af hálfu kennara og allt verður þetta að múrsteinum í veggnum, sem hann byggir upp smám saman milli sín og

umheimsins. Þegar hann eldist verður hann rokkstjarna og markast líf hans af fíkniefnanotkun og ofbeldi. Þegar hjónaband hans fer í vaskinn er veggurinn fullbyggður og Pink búinn að einangra sig frá öllum í kringum sig. Smám saman eykst geðveikin á bak við vegginn þangað til hann sér sjálfan sig sem fasistaforingja á öfgasamkomu þar sem hann hvetur til ofbeldis gagnvart aðdáendum, sem honum líkar ekki við, en tákna greinilega minnihlutahópa í þjóðfélaginu. Um leið verður hann stöðugt sakbitnari þar til hann heldur réttarhöld yfir sjálfum sér þar sem honum tekst að brjóta niður vegginn og ná þar með aftur tengingu við umheiminn. Platan endar á orðunum "Isn't this where..." en þetta er byrjun á setningu, sem endar á byrjun plötunnar þar sem orðin "... we came in?" heyrast áður en verkið hefst og þannig gefur Waters til kynna eins konar eilífa hringrás meginþemans. Saga Pink kemst einstaklega vel til skila í myndinni og enn fremur gagnrýni Waters á stríðsrekstur, fasisma og þróun hins breska samfélags á þessum tíma. Samlíkingin milli Pink og lífshlaups Waters sjálfs er enn fremur áberandi. Tilvísun í dauða föðurins er gott dæmi en Waters var aðeins 5 mánaða þegar faðir hans dó á Ítalíu í síðari heimsstyrjöld. Þá eru á plötunni og í myndinni nokkrar tilvísanir í Barrett, svo sem í laginu "Nobody Home" og raksturssenann, sem ég lýsti áðan.

Í heild er "The Wall" magnað verk og tvímælalaust það besta, sem komið hefur frá Waters á öllum hans tónlistarferli. Við skulum nú hlusta á seinni hluta verksins.

Ég heiti BRL og veit eitthvað þínulítið um Pink Floyd. Ég þakka þeim sem hlýddu og óska ykkur öllum ánægjulegra stunda.

Lög: "The Wall, seinni platan"

https://www.youtube.com/watch?v=zKqjhX_eRD8

<https://www.youtube.com/watch?v=jkzsaLl2J0w>